

Nr. 102 / 11 Green Atlantic**Ásigling í höfn**

IMO 8320585
 Smíðaður: Appledore Englandi 1985, stál
 Fánaríki: Dominica
 Stærð: 3402 GT
 Mesta lengd: 93,83 m Skráð lengd:
 Breidd: 15,9 m Dýpt: m
 Vél: Main Eng. 4023 bhp
 Fjöldi skipverja: 15

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNS



Green Atlantic©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. ágúst 2011 var frystiskipið Green Atlantic (*áður Jökulfell*) að koma til hafnar á Hornafirði. Veður: ASA 3-7 m/s.

Þegar skipið var komið inn í höfnina og minnka átti ferð þess með því að knýja aðalvélin á afturábak stöðvaðist hún og bógskrúfa varð óvirk. Skipverjum tókst að stöðva skipið með því að láta akkeri falla.

Þegar aðalvélin var ræst aftur gaf hún fullt afl afturábak með þeim afleiðingum að bakborðsskutur skipsins rakst á Óslandsbryggju. Við þetta urðu skemmdir á skipinu (*sjá mynd*) en ekki urðu teljandi skemmdir á bryggjunni.



Þegar verið var að binda skipið við bryggju strekktist á einu landfestartógi þannig að það fór í andlit eins skipverjans en ekki þótti ástæða til neinna sérstakra aðgerða vegna þess.

Við rannsókn kom fram:

- að skemmdir á skipinu voru dæld um tveim metrum ofan við sjólinu en minnháttar skemmdir komu á bryggjuna.

Nefndarálit:

Orsök arviksins var bilun í vélbúnaði skipsins en ekki liggur fyrir af hvað orsökum hún varð.